

## EBITDA Nýherja milljarður á árinu 2015

*Tekjur aukast um 15% á milli ára og heildarhagnaður ársins er 328 mkr*

REYKJAVÍK - 28. janúar 2016 - Nýherji kynnti í dag ársuppgjör félagsins.

### Helstu upplýsingar:

- Vöru- og þjónustusala í F4 nam 3.663 mkr og 13.332 mkr árið 2015 (15,1 % tekjuvöxtur frá árinu 2014) [F4 2014: 3.315, árið 2014: 11.572 mkr]
- Framlegð nam 956 mkr (26,1%) í F4 og 3.421 mkr (25,7%) árið 2015 [F4 2015: 840 mkr (25,3%), árið 2014 3.012 mkr (26,0%)]
- Heildarhagnaður í F4 nam 135 mkr og 328 mkr árið 2015 [F4 2014: 122 mkr, árið 2014: 259 mkr]
- EBITDA nam 315 mkr (8,6%) í F4 og 1.008 (7,6%) árið 2015 [F4 2014: 241 mkr (7,3%), árið 2014: 827 (7,1%)]
- Jákvæð rekstrarafkoma var hjá öllum félögum samstæðunnar árið 2015
- Töluverð umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í Nýherja í hlutafjárútboði sem lauk í desember
- Eiginfjárlutfall 28,0% í lok árs 2015 en var 16,7% í lok árs 2014
- Veltufjárlutfall 1,52 í lok árs 2015 en var 1,27 í lok árs 2014

### Finnur Oddsson, forstjóri:

*„Síðastliðið rekstrarár var eitt það besta í sögu Nýherja. Tekjuaukning á milli ára var 15% og afkoma góð. Það er einnig ánægjulegt að afkoma allra rekstrareininga og dótturfélaga var jákvæð á árinu. Hjá Nýherja móðurfélagi hefur nýtt skipulag frá í fyrra gefist vel og m.a. stuðlað að tekjuaukningu og bættu þjónustustigi. Mikill tekjuvöxtur var áfram hjá TEMPO og horfur til að svo verði áfram. Vöxtur var sömuleiðis í tekjum hjá TM Software og afkoma umfram væntingar. Samstarf Applicon félaganna á Íslandi og í Svíþjóð hefur svo skilað góðum árangri, m.a. í áhugaverðum verkefnum og nýjum sölutækifærum fyrir bankalausnir.*

*Við erum ánægð með að rekstur Nýherja hefur nú náð ákveðnum stöðugleika, en afkoma hefur verið jákvæð í átta fjórðunga í röð. Á þessum tíma hefur okkur jafnframt tekist að efla þjónustu við viðskiptavinum, sem er ávallt í forgangi hjá okkur. Sterkari efnahagur félagsins hefur svo gert okkur kleift að fjárfesta í uppbyggingu þekkingar, aðbúnaði fyrir starfsfólk og þróun lausna og eigin hugbúnaðar sem munu standa undir þjónustutekjum í framtíðinni. Félagið er jafnframt betur í stakk búið að bregðast við breyttum þörfum viðskiptavina, sem eru til komnar vegna tölvuskývæðingar og notkun á upplýsingatækni sem þjónustu.*

*Við höfum undanfarið ár fundið ápreiðanlega fyrir auknum áhuga á Nýherja, sem endurspeglast m.a. í verulegri hækkun á gengi hlutabréfa á aðallista Kauphallar og umframeftirspurn eftir bréfum félagsins í hlutafjárútboði í desember. Þessa tiltrú fjárfesta lítum við á sem merki um að Nýherji og dótturfélög séu á réttri leið, sem við munum reyna að feta áfram á næstu misserum. Markmið okkar er það sama og áður, að sjá viðskiptavinum okkar fyrir snjöllum upplýsingatæknilausnum á hagkvæman og öruggan hátt.“*

**Rekstrarreikningur 2015**

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	2015	2014
Seldar vörur og þjónusta	13.332	11.572
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(9.911)	(8.560)
<b>Framlegð</b>	<b>3.421</b>	<b>3.012</b>
Rekstrarkostnaður	(2.774)	(2.484)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>647</b>	<b>528</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(216)	(292)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>431</b>	<b>236</b>
Tekjuskattur	(84)	31
<b>Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>346</b>	<b>268</b>
Tap af aflagðri starfsemi	0	(26)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>346</b>	<b>241</b>
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(19)	17
<b>Heildarhagnaður ársins</b>	<b>328</b>	<b>259</b>
<b>EBITDA</b>	<b>1.008</b>	<b>827</b>

- Sala á vöru og þjónustu nam 13.332 mkr árið 2015, samanborið við 11.572 mkr árið 2014, sem er aukning um 15,2% á milli ára
- Framlegð nam 3.421 mkr (25,7%) árið 2015, samanborið við 3.012 mkr (26,0%) árið 2014
- Rekstrarkostnaður var 2.774 mkr árið 2015 (20,8% af tekjum), samanborið við 2.484 mkr (21,5% af tekjum) árið 2014
- Rekstrarhagnaður var 647 mkr (4,9%) árið 2015, samanborið við 528 mkr (4,6%) árið 2014 og hækkar um 22,5% á milli ára
- EBITDA nam 1.008 mkr (7,6%) árið 2015, samanborið við 827 mkr (7,1%) árið 2014
- Heildarhagnaður árið 2015 nam 328 mkr, samanborið við 259 mkr árið 2014

**Efnahagsreikningur 31.12.2015**

Efnahagsreikningur 31.12.2015 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir	3.187	3.038
Veltufjármunir	3.719	2.732
<b>Eignir samtals</b>	<b>6.907</b>	<b>5.771</b>
Eigið fé	1.930	963
Langtímaskuldir	2.521	2.651
Skammtímaskuldir	2.455	2.157
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.907</b>	<b>5.771</b>
Veltufjárhlutfall	1,52	1,27
Eiginfjárhlutfall	28,0%	16,7%

- Veltufjármunir aukast um 987 mkr frá árslokum 2014, úr 2.732 mkr í 3.719 mkr. Mest vegur hækkun á handbæru fé um 730 mkr. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækka um 271 mkr
- Eigið fé eykst um 968 mkr frá árinu 2014, úr 963 mkr árið 2014 í 1.930 mkr árið 2015. Aukningin er að mestu leyti tilkomin vegna hlutafjárútbóðs sem lauk í desember og var heildarsöluandvirði 640 milljónir króna. Óráðstafað eigið fé hækkar enn fremur um 348 mkr
- Eiginfjárhlutfall hækkar frá árslokum og er 28,0% en var 16,7% í lok árs 2014
- Veltufjárhlutfall er 1,52 í lok árs 2015 en var 1,27 í lok árs 2014
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 214 mkr frá áramótum og eru 2.814 mkr

**Sjóðstreymi 2015**

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	2015	2014
Handbært fé frá rekstri	966	318
Fjárfestingarhreyfingar	(615)	(330)
Fjármögnunarhreyfingar	386	(354)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>737</b>	<b>(366)</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	(6)
Handbært fé í ársbyrjun	79	451
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>809</b>	<b>79</b>

- Handbært fé frá rekstri er 966 mkr árið 2015, samanborið við 318 mkr árið 2014
- Fjárfestingarhreyfingar eru 615 mkr samanborið við 330 mkr hreyfingu á sama tímabili í fyrra. Breytinguna má m.a rekja til meiri eignfærslu þróunarkostnaðar árið 2015 samanborið við fyrra ár. Árið 2014 kom söluverð dótturfélags til lækkunar á heildarfjárhæð fjárfestingahreyfinga
- Fjármögnunarhreyfingar eru 386 mkr en voru neikvæðar um 354 mkr árið 2014. Stærsta breytingin er að nýtt hlutafé kom inn í desember árið 2015 upp á 640 mkr
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 809 mkr samanborið við 79 mkr í lok árs 2014

**Rekstrarniðurstaða á fjórða ársfjórðungi 2015**

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F4 2015	F3 2015	F2 2015	F1 2015	F4 2014
Seldar vörur og þjónusta	3.663	3.019	3.386	3.263	3.315
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.707)	(2.192)	(2.556)	(2.456)	(2.475)
<b>Framlegð</b>	<b>956</b>	<b>828</b>	<b>830</b>	<b>808</b>	<b>840</b>
Rekstrarkostnaður	(750)	(678)	(685)	(661)	(674)
<b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>206</b>	<b>150</b>	<b>145</b>	<b>147</b>	<b>167</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(33)	(72)	(80)	(33)	(111)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>173</b>	<b>78</b>	<b>66</b>	<b>114</b>	<b>55</b>
Tekjuskattur	(27)	(20)	(14)	(23)	69
<b>Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>146</b>	<b>58</b>	<b>52</b>	<b>91</b>	<b>124</b>
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	(11)	24	18	(50)	(2)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>135</b>	<b>82</b>	<b>69</b>	<b>41</b>	<b>122</b>
<b>EBITDA</b>	<b>315</b>	<b>240</b>	<b>227</b>	<b>225</b>	<b>241</b>

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.663 mkr á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 3.315 á sama tímabili 2014, sem er aukning um 10,5%
- Framlegð nam 956 mkr (26,1%) á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 840 mkr (25,3%) á sama tímabili árið 2014
- Rekstrarkostnaður var 750 mkr á fjórða ársfjórðungi (20,5% af tekjum), samanborið við 674 mkr (20,3% af tekjum) á sama tímabili 2014
- Rekstrarhagnaður var 206 mkr (5,6%) á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 167 mkr (5,0%) á fjórða ársfjórðungi 2014
- EBITDA nam 315 mkr (8,6%) á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 241 mkr (7,3%) á sama tímabili í fyrra, hækkar um 21,8%
- Heildarhagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 135 mkr, samanborið við 122 mkr á sama tímabili 2014

### **Eitt besta ár í sögu Nýherja**

Góð afkoma var af rekstri Nýherja móðurfélags á árinu 2015. Tekjur námu 9.332 mkr og jukust um 12% frá fyrra ári. Aukin eftirspurn var eftir ráðgjöf og þjónustu sérfræðinga Nýherja sem endurspeglast í aukinni sölu samninga um rekstrarþjónustu og hugbúnaðarlausnir. Á sama tíma gekk vel að viðhalda háu þjónustustigi, sem samkvæmt mælingum hefur aldrei verið hærra.

Sala á hljóð- og myndlausnum jókst mikið og tölvubúnaður frá Lenovo seldist mjög vel á árinu. Auk þess var töluverður vöxtur í sölu á vél- og hugbúnaðarlausnum, bæði til fyrirtækja og einstaklinga. Samstarf um lausnaþróun innan samstæðunnar gekk vel, t.a.m. í þróun og sölu á hraðbankalausnum.

Vélasalur Nýherja verður fluttur í gagnaver Verne Global á fyrri hluta ársins 2016. Markmiðið með samstarfi við Verne er að efla enn frekar þjónustu við viðskiptavinum Nýherja, með auknu öryggi og áreiðanleika kerfa.

Töluverð umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í Nýherja í hlutafjárútbóði sem lauk í desember. Útbóðsgengi var 16,0 krónur á hlut. Heildarstærð útbóðsins nam 9,76% af útgefnu hlutafé í félaginu eða 40 milljónum hluta og var heildarsöluandvirði þeirra 640 mkr. Alls bárust tilboð í 118,9 milljónir hluti á verðbilinu 14,5-18,0 krónur á hlut.

### **Áframhaldandi tekjuvöxtur hjá TEMPO**

Tekjur TEMPO af sölu verkefnaumsjónar- og tímaskráningarlausna halda áfram að aukast mikið, hvort sem miðað er við fjórðunginn eða árið í heild. Tekjur námu 1.218 mkr á árinu 2015, sem er 65% aukning miðað við fyrra ár. Desember var tekjuhæsti mánuður í sögu félagsins til þessa. Met var sett í sölu til nýrra viðskiptavina á árinu og endursöluaðilar koma í auknum mæli að sölustarfi. TEMPO var á fjórða ársfjórðungi með þrjár vörur á meðal þeirra 15 vinsælustu á Atlassian markaðstorginu fyrir JIRA og auk þess tvær af fimm vinsælustu skýjalausnunum. Unnið er að því að styrkja þróunarstarf í starfsstöð Tempo í Montreal þar sem hagfeldar aðstæður eru fyrir rekstur nýsköpunar- og tæknifyrirtækja. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti og fjölgun starfsfólks.

### **TM Software yfir væntingum**

TM Software sérhæfir sig í framleiðslu á eigin hugbúnaðarvörum og veitir þjónustu og ráðgjöf fyrir sérhæfðar hugbúnaðarlausnir, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Tekjur félagsins árið 2015 voru 973 mkr og hækkuðu um 5% frá árinu 2014. Afkoma ársins 2015 var góð og yfir væntingum stjórnenda. Horfur í rekstri TM Software eru góðar, m.a. vegna mikils vaxtar í þeim atvinnugreinum sem félagið er sérhæft í að þjóna.

### **Áhersla á þróun eigin lausna hjá Applicon**

Applicon á Íslandi sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu á sviði viðskiptahugbúnaðar. Tekjur Applicon á árinu voru 1.084 mkr, sem er 9% vöxtur frá fyrra ári. Afar góður árangur náðist í kynningu og sölu á nýjum byltingarkenndum tæknigrunni SAP HANA, sem bæði hraðar og einfaldar kerfisvinnslu hjá viðskiptavinum. Mikið var lagt í þróun eigin lausna á árinu, einkum Kjarna, sem er nýtt mannauðs- og launakerfi sem hlotið hefur mjög góðar móttökur hjá íslenskum viðskiptavinum. Horfur í rekstri Applicon eru góðar, innanlands í sölu á Kjarna og áframhaldandi sérfræðiráðgjöf fyrir núverandi viðskiptavinum, og erlendis, í samstarfi við Applicon í Svíþjóð.

### **Góður tekjuvöxtur hjá Applicon í Svíþjóð**

Tekjur Applicon í Svíþjóð, sem sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu við fjármálafyrirtæki, voru 1.124 mkr og var vöxtur á milli ára 17%. Aukin eftirspurn var eftir ráðgjöf sérfræðinga Applicon og nýir ráðnir til að anna vexti. Töluverður áhugi er á hugbúnaðarlausnum Applicon sem þróaðar hafa verið í tengslum við innleiðingu á SAP kjarnabankakerfum, SAP HANA og eftirspurn eftir reynslu Applicon við innleiðingu slíkra kerfa. Góð nýting var á tíma ráðgjafa og horfur eru til að svo verði áfram, með auknum verkefnum tengdum núverandi og nýjum viðskiptavinum, sérstaklega vegna bankalausna.

### **Horfur**

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hóflegum vexti tekna og afkomu Nýherja og dótturfélaga.

### **Hluthafar**

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok árs 2015 var kr. 8.325 milljónir. Lokaverð hlutabréfa á árinu var kr. 18,5 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. desember 2015 voru 450 milljónir og voru hluthafar 383 talsins.

### **Kynningarfundur þann 29. janúar 2016**

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 29. janúar 2016 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 09:00. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), að honum loknum.

### **Fjárhagsdagatal 2016**

- 28.01.2016 Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör ársins 2015
- 04.03.2016 Aðalfundur ársins 2015
- 27.04.2016 Fyrsti ársfjórðungur 2016
- 24.08.2016 Annar ársfjórðungur 2016
- 26.10.2016 Þriðji ársfjórðungur 2016
- 31.01.2017 Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör 2016
- 03.03.2017 Aðalfundur ársins 2016

### **Samþykkt ársreiknings**

Ársreikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 28. janúar 2016. Uppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Ársreikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 28. janúar 2016. Ársreikningur Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards) og er endurskoðaður af KPMG, endurskoðendum félagsins. Aðalfundur Nýherja hf. verður haldinn föstudaginn 4. mars næstkomandi kl. 16:00 að Borgartúni 37, Reykjavík.

### **Nýherji hf.**

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR.

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

### **Nánari upplýsingar**

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða [fo@nyherji.is](mailto:fo@nyherji.is) og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða [gp@nyherji.is](mailto:gp@nyherji.is).

---

#### Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.